

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Valla, 2. áfanga, Drekafellir 9.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 7. júní 2011 breytingu á deiliskipulagi Valla, 2. áfanga, Drekafellir 9.

Breytingin felst í að stækkaður er byggingarreitur grunn- og leikskóla til norðurs og nær yfir núverandi bílastæði. Gert er ráð fyrir lausum kennslustofum innan byggingarreitsins. Hús skulu vera á einni hæð og hámarksstærð bygginga verði 600 m<sup>2</sup>. Stærð lóðar og nýtingarhlutfall helst óbreytt.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 27. júní 2011,*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. júlí 2011